



Fundargerð

374. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps var haldinn miðvikudaginn 11. júlí 2007, á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps kl. 17.00.

Dagskrá

1. Fundargerðir nefnda.

- a) Fundargerð skólanefndar dags. 14. júní 2007 – fundargerð í tveim töluliðum
 - b) Fundargerð skólanefndar dags. 28. júní 2007 - fundargerð í þrem töluliðum
 - c) Fundargerð bygginganefndar dags. 25. júní 2007 – fundargerð í einum tölulið
 - d) Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 30. júní 2007 – fundargerð í sex töluliðum
- Fundargerðir bornar upp og staðfestar samhljóða af hreppsnefnd

2. Fundargerð samráðsnefndar dags. 25. júní 2007

- Fundargerð í 5 töluliðum
- Staðfesta tilnefningu Tálknafjarðarhrepps í Menningarráð Vestfjarða.

Þar sem Sveinn Valgeirsson var skipaður fulltrúi í Menningarráð Vestfjarða af Fjórðungssambandi Vestfjarða, þarf að skipa annan í hans stað sem fulltrúa Tálknafjarðarhrepps. Tillaga kom um að skipa Ingólf Kjartansson í nefndina í stað Sveins. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Kjör oddvita og varaoddvita.

- skv. 14. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998

Tillaga kom um að Eyrún I. Sigþórsdóttir verði oddviti og Guðni Ólafsson verði varaoddviti. Tillagan var samþykkt með 3 atkv. , fulltrúar minnihluta sátu hjá.

4. Skipun húsnæðisnefndar.

- Skipa varamann í stað Þórhalls H. Óskarssonar (D)

Samþykkt samhljóða að skipa Bjarnveigu Guðbrandsdóttur (D) sem varamann í stað Þórhalls Óskarssonar.

5. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

- Fundargerð í 17 töluliðum.

Lagt fram til kynningar.

6. Umsókn um hundaleyfi.

Björgvin Smári Haraldsson sækir um að halda einn hund. Leyfið veitt og staðfest með öllum greiddum atkvæðum.

7. Háskólinn í Reykjavík.

- Þátttaka í könnun.

Oddvita er falið að svara könnuninni. Samþykkt samhljóða.

8. Límtré – Vírnet.

- Sparkvallargirðing samþykkt tilboð.

Oddviti hefur samþykkt tilboð í sparkvallargirðingu. Hreppsnefnd staðfestir tilboðið. Samþykkt samhljóða.

9. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

- Niðurstaða neysluvatnssýnis dags. 11. júní 2007.

Til kynningar.

10. Samband íslenskra sveitarfélaga.

- Reglugerð sett á grundvelli nýrra laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 er tóku gildi 1. júlí sl.

Lagt fram til kynningar.

11. Lánasjóður sveitarfélaga- til kynningar.

- Niðurfærsla á eigin fé sjóðsins, fyrsta greiðsla.

12. Samband íslenskra sveitarfélaga – til kynningar.

- Námskeið fyrir sveitarfélög um samningsstjórnun 13. – 14. ágúst nk.
- Hópfærð á Opna daga sveitarstjórnarvettvangs ESB í haust.
- Fundargerð 744. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 22. júní 2007.

13. Ákvörðun sjávarútvegsráðherra um leyfilegan heildarafla fiskveiðiárið 2007 – 2008.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir alvarlegum áhyggjum vegna ákvörðunar sjávarútvegsráðherra um leyfilegan heildarafla fiskveiðiárið 2007 – 2008. Yfirvofandi samdráttur í veiðum á þorski mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Tálknafjörð þar sem atvinnulíf staðarins byggir eingöngu á veiðum og vinnslu bolfisks. Tekjuskerðing fyrirtækja, sjómanna, landverkafólks og sveitarfélagsins verður mikil og hætta á atvinnuleysi og búferlaflutningum. Samkvæmt niðurstöðum Hafrannsóknarstónunar hefur uppbygging þorsksstofnsins ekki tekist þrátt fyrir rúmlega 20 ára verndun. Því leggur hreppsnefnd þunga áherslu á að hafrannsóknir verði eflar og mikilvægt er að stuðla að fjölbættri aðkomu að rannsóknum og sjálfstæðri fiskveiðiráðgjöf.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum er sett fram aðgerðaáætlun er miðar að því að styrkja atvinnulíf á þeim svæðum þar sem horfur eru hvað dekkstar. Hreppsnefnd telur það mjög mikilvægt að ríkisvaldið, sveitarstjórn, fyrirtæki og einstaklingar vinni saman þ.a. þessar aðgerðir verði raunhæfar og styðji við atvinnulífið á tímabilinu og vill hreppsnefnd undirstrika mikilvægi þess að sú vinna leiði til atvinnusköpunar í öðrum greinum.

Hröðun vegaf framkvæmda á Vestfjarðavegi.

Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum, Reykhólahreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð hafa um árabil barist fyrir því að framkvæmdum við nýbyggingu Vestfjarðarvegar verði hraðað eins og frekast má, enda um einu veltengingu landshlutans við hringveginn að ræða. Nú virðist sem samgönguráðherra sé að breyta ákvörðun fyrri samgönguráðherra um að þvera Þorskafjörð og ætli í þess stað að leggja veg fyrir fjörðinn, þrátt fyrir skýran vilja og áralanga baráttu sveitarfélaganna fyrir þverun Þorskafjarðar, sem gert er ráð fyrir í gildandi

svæðisskipulagi og tillögum að nýju aðalskipulagi Reykhólahrepps. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps mótmælir harðlega ef satt reynist og gerir þá kröfu að þverun Þorskafjarðar verði sett strax á dagskrá, enda um að ræða þá einstöku framkvæmd á þessari leið sem hefur mesta vegstyttingu í för með sér.
Samþykkt samhljóða.


14. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra


Oddviti kynnti fyrir sveitarstjórnarmönnum fyrirhugaðan samruna Tálknabyggðar ehf. við Fjord Fishing ehf. og Sumarbyggðar ehf.


15. Önnur mál.


Oddviti upplýsti hreppsnefndarmenn um að 52. Fjórðungssþing Vestfjarða verður haldið á Tálknafirði þann 7. og 8. september næstkomandi.


Fleira ekki fyrir tekið og fundargerð borin upp og samþykkt samhljóða. Fundi slitið af oddvita kl. 18.30.



Eyrun I. Sigþórsdóttir, oddviti


Guðni Ólafsson, varaoddviti


Olafur Gunnbjörnsson


Bragi Geir Gunnarsson


Bjarnveig Guðbrandsdóttir


Helga Jónasdóttir, fundarritari